

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 68/2021

frá 5. febrúar 2021

um breytingu á XV. viðauka við EES-samninginn (Ríkisaðstoð)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1474 frá 13. október 2020 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 360/2012 að því er varðar framlengingu á beitingartímabili hennar og tímabundna undanþágu fyrir fyrirtæki í erfiðleikum í ljósi áhrifanna af COVID-19 heimsfaraldrinum ⁽¹⁾.
- 2) XV. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi er bætt við í lið 1ha (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 360/2012) í XV. viðauka við EES-samninginn:

„– **32020 R 1474:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1474 frá 13. október 2020 (Stjtið. ESB L 337, 14.10.2020, bls. 1).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) 2020/1474, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 6. febrúar 2021, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 337, 14.10.2020, bls. 1.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Gjört í Brussel 5. febrúar 2021.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Clara Ganslandt

formaður.

ÓOPINBER ÞÝÐING